

Hrunamannahreppur

Umhverfisnefnd

Kjörtímabilið 2022-2026

5. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps var haldinn sunnudaginn 14. maí 2023 klukkan 16:30 í Núpstúni.

Mætt voru Brynja Sólveig, formaður, sem einnig ritaði fundargerð, Bjarni Arnar, Ragnheiður Georgs sem var mætt í fjarfundabúnaði.

Dagskrá:

1. Umhverfishrós og umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps

Tekin var samtal um efnilega kandídata og tekin var ákvörðun um verðlaunahafa umhverfishrós og umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps. Verðlaunin verða veitt 17. júní næstkomandi.

2. Önnur mál

a) Skiptimarkaður

Umhverfisnefndin vill þakka þeim sem tóku þátt í Skiptimarkaðnum. Óskandi hefði verið ef þátttakan hefði verið meiri. Stefnt er að því að endurtaka leikinn aftur að ári liðnu og vonandi verður hann betur sóttur þá. Það sem stóð eftir var farið með á til hælisleitenda frá Úkraínu sem dvelja á Laugarvatni og voru þau mjög þakklát.

c) Rusladagur

Nefndin ræddi hvort að tími væri komin til að breyta skipulagi á rusladeginum. Spurning er hvort að dagurinn yrði betur nýttur á laugardegi og einnig að aftur yrði meiri „hátíð“ líkt og var á árum áður. Þátttaka síðustu ár hefur ekki verið mikil og væri gaman að endurvekja stemmingu í kringum daginn. Spurning er hvort að hægt væri að nýta Umhverfisnefndina betur í umgjörðinni og jafnvel að umhverfisnefnd skipi ruslamálaráðherra og taki þátt í skipulaginu.

Fundi sliti 17:05

Brynja Sólveig Þórssdóttir